

Sp. 60. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðsla og sölu áfengs öls.

Flm.: Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram í sambandi við næstu alþingiskosningar þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðsla og sölu áfengs öls í landinu. Þátttaka í væntanlegri atkvæðagreiðslu skal heimil öllum sem náð hafa 18 ára aldri þegar atkvæðagreiðslan fer fram.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur alhniði verið rætt um það, hvort heimila skuli framleiðsla og sölu áfengs öls í landinu. Mjög skiptar skoðanir eru manna á meðal um þetta mál, og sýnist sitt hverjum eins og gengur. Á síðasta Alþingi var til meðferðar frv. sem gerði ráð fyrir nokkrum breytingum á núgildandi áfengislöggjöf. Flm. þessarar þáttill. flutti þá tillögu í sambandi við umrætt frv., sem gerði ráð fyrir því að núgildandi áfengislögum skyldi breytt á þann veg, að framleiðsla og sala áfengs öls yrði heimiluð. Örlög umrædds frumvarps urðu hins vegar þau, að það komst aldrei úr nefnd og dagaði uppi í þinginu, og reyndi því aldrei á hvort þingvilji væri fyrir því að leyfa framleiðslu og sölu áfengs öls eða ekki.

Næsta ár fara fram almennar þingkosningar. Flm. er þeirrar skoðunar, að í máli því, sem hér er til meðferðar, sé ekki óeðlilegt að leitað sé eftir því að fá vitneskju um hver sé hinn raunverulegi þjóðarvilji í jafnumdeildu máli og hér er fjallað um. Auðveld leið og kannske sú marktækasta er að mati flm. að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Og þar sem almennar þingkosningar eru á næsta leiti telur flm. sjálfsagt að nota það tækifæri sem þannig býðst. Flm. telur sjálfsagt að miða þátttöku í væntanlegri atkvæðagreiðslu við 18 ára aldur og vill með því leggja áherslu á þá skoðun sína, að ákvörðun um framleiðslu og sölu á áfengu öli er ekki síður mál ungu kynslóðarinnar en hinnar eldri, og því ekki nema eðlilegt að unga fólkið fái að láta í ljós álit sitt á málinu.